



Ályktun 7. þings Samiðnar um stöðu iðnaðarmanna

Á Íslandi hafa átt sér stað miklar samfélagslegar breytingar á síðustu áratugum sem breytt hafa stöðu einstakra starfsgreina. Rótgrónar starfstéttir iðnaðarmanna hafa átt undir högg að sækja. Birtingamynd þessarar þróunar kemur skýrt fram í námsvali nemenda en hlutfall þeirra sem velja starfsnám hefur farið lækkandi á sama tíma og þeim fjölgar sem fara í hefðbundið bóknám. Þessi þróun á sér stað þrátt fyrir mikla þörf íslensks atvinnulífs fyrir verk- og tæknimenntað starfsfólk. Því er mikilvægt að efla kynningu á þeim tækifærum sem felast í verknámi og störfum iðnaðarmanna. Einnig er mikilvægt að huga vel að ímynd iðnaðarmanna og skapa jákvæða mynd af störfum þeirra. Það þyrfti að gera með auknu vægi verknáms á öllum skólastigum.

Þegar viðhorf iðnaðarmanna er skoðað telja þeir að bæta þurfi ímyndina hvað varðar menntamál, launamál og almennt viðhorf í samfélaginu. Bæta þurfi óvönduð vinnubrögð, starfsumhverfi, öryggi og aðbúnað á vinnustöðum. Stéttarfélögin taki í því sambandi upp aðbúnaðaraviðurkenningar til hvatningar fyrirtækjum sem standa sig vel.

Samskipti launamanna og verktaka í búningi undirverktöku hefur svipt starfsmenn því fjárhags- og félagslega öryggi sem kjarasamningar tryggja. Herða þarf löggjöf um starfsmannaleigur og stemma stigu við gerviverktöku og upplýsa iðnaðarmenn hvað í henni felst. Í þeim tilgangi þurfa stéttarfélögin að setja upp reiknivélar á heimasíðum sínum með áberandi hætti sem sýna muninn á verktakanum og launamanni.

Markmiðið á að vera að fá fleira ungt fólk í verk- og tækninám, að íslenskir iðnaðarmenn séu í fremstu röð í fagmennsku, að starfskjör þeirra og aðbúnaður sé með þeim hætti að eftirsóknarvert sé að gerast iðnaðarmaður.

Þing Samiðnar skorar á alla sem málið varðar að koma til samstarfs í átaki til að lyfta íslenskum iðnaðarmönnum á þann stall sem þeim ber.

Liður í því er að Samiðn standi fyrir afmælisráðstefnu þar sem staða iðnaðarmannsins er yfirskriftin og boðið verði fulltrúum atvinnulífsins, allra skólastiga og fagraða með það að meginmarkmiði að þessir aðilar taki höndum saman við eflingu iðngreinanna.